

Skáld í skólum | 2024

Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglinga



Skáld í skólum 2024

Skáld í skólum 2024

Sprellifandi tunga!

Hvaða íslenska tunga er þetta eiginlega? Er hún eitthvað sem við ullum með? Hefurðu prófað að leika þér að tungumálinu?

Helen og Karítas finnst fátt skemmtilegra en að bregða á leik með íslenska tungu. Báðar eru þær fjöltungdar og hafa mikinn áhuga á tungumálum. Með þeim ætlum við að búa til lifandi ljóðabók og orðabók heimsins. Við notum uppáhaldsorð úr þeim ólíku tungumálum sem nemendurnir tala og uppgötum ný og ókunnug orð á íslensku. Við gerum saman tilraunir og skapandi mistök, lærum eitthvað glænýtt og fögnum fjölbreytileikanum í skólanum okkar.

Helen Cova er íslenskur rithöfundur sem fæddist í Venesúela. Helen hefur skrifað bækur fyrir fullorðna, ljóðabækur og leikrit, en best finnst henni að skrifa fyrir börn. Hún er höfundur Snúllabókanna og bókin *Svona tala ég* var tilnefnd til Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar. Þegar Helen var lítil langaði hana að verða geimfararíthöfundur. Núna er hún reyndar rithöfundur en ljóðið hennar var valið til að fara til tunglsins fyrir hönd íslenskra skálda – draumar geta ræst!

Karítas Hrundar Pálsdóttir er íslenskur rithöfundur sem hefur búið víða erlendis. Hún er höfundur bókanna *Árstíðir* og *Dagatal* sem innihalda sögur á einföldu máli. Hún skrifaði bækurnar með fólk sem er að læra íslensku sem annað mál í huga. Sjálf hefur Karítas lagt stund á ýmis tungumál, meðal annars dönsku, ensku, japönsku og spænsku. Hún er sammála orðum Vigdisar Finnbogadóttur: „Tungumál eru lykillinn að heiminum.“

Dagskrá hentar best **1. – 4. bekk.**

Á hugarflugi út í geim

Linda elskar að teikna – stundum allan daginn og fram á nótt. Hún teiknar allt milli himins og Jarðar sem er gott því **Sævar** dýrkar allt milli himins og Jarðar. Þau eru með ein-dæmum forvitin um heiminn og finnst fátt skemmtilegra en að segja öðrum frá öllum heimsins undrum, hvort sem það eru menn og önnur dýr eða framandi staðir í himingeimnum. Í heimsókninni stikla þau á stóru um hvernig það er að vera rithöfundur. Svo fá þau hjálp nemenda til að semja spennandi vísindaskáldsögu þar sem eitthvað óvænt, fyndið og tryllt gerist!

Linda Ólafsdóttir er teiknari og barnabókahöfundur. Hún skrifaði og myndlýsti bókina um Kvænnafridaginn, *Ég þori! Ég get! Ég vill!*, en auk þess hefur hún myndlýst fjölda bóka, m.a. *Íslandsbók barnanna*, *Reykjavík barnanna*, *Draumapjófinn* og *Barnaræningjann*. Fyrir verk sín hefur Linda m.a. hlotið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, Fjöruverðlaunin og Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar. Lindu finnst ekkert magnaðra en vel yddaður blýantur og ævintýrin sem hann getur skapað.

Sævar Helgi Bragason, stundum kallaður Stjörnu-Sævar, er rithöfundur, dagskrágerðarmaður í sjónvarpi og útvarpi og margverðlaunaður vísindamiðlari. Hann hefur skrifað níu bækur, þar af fimm léttlestrarbækur um vísindi fyrir krakka. *Hamfarir* var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna en sú nýjasta kallast *Kúkur, piss og prump*. Sævari finnst ekkert betra en að horfa upp í alheiminn frá plánetunni Jörð – og segja öðrum frá, sérstaklega forvitnum krökkum.

Dagskrá hentar best **5. – 7. bekk.**



Skáld í skólum 2024

Hver má lesa dagbókina þína?

Oft er sagt að fæst orð beri minnsta ábyrgð. En getur verið mikilvægt að skrifa um eigin reynslu? Og er örugglega í lagi að gera það?

Að skrifa um líf okkar og reynslu getur verið verkfæri til að auka sýnileika, skapa rými, safna heimildum eða einfaldlega aðferð til að skilja umheiminn og okkur sjálf. Hvenær eru bókmenntir persónulegar? Geta þær verið of persónulegar? Í þessari skemmtilegu heimsókn þeirra **Evu Rúnar** og **Höllu Þórlaugar** ætlum við meðal annars að skoða texta hinsegin skálda og rithöfunda sem skrifa um eigin reynslu. Við förum yfir mismunandi form sem hægt er að nýta sér og tökum áhugaverð dæmi um sannsögu, ljóð og texta fyrir leikhús. Að lokum kynnst nemendur einföldum og hvetjandi æfingum til þess að hefja skrif. Öll ganga út með brennandi sköpunarþrá!

Eva Rún Snorradóttir er sviðslistakona og ljóðskáld. Hún hefur um árabíl starfað með sviðslistahópunum Kviss búmm bang og 16 elskendum. Árið 2019 hlaut hún ljóðaverðlaunin Maistjörnuna fyrir bókina *Fræ sem frjógva myrkrið*. Auk hennar hefur hún sent frá sér tvær aðrar ljóðabækur og eitt smásagnasafn. Skáldsagan *Eldri konur* kemur út nú í haust.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir er rithöfundur og skáld. Hún hefur unnið sem dagskrárgerðarmaður á Rás 1 og stýrt menningarþáttunum Viðsjá, Tengivagninum og Bók vikunnar. Hún er með BA-gráðu í myndlist og MA-gráðu í ritlist. Árið 2021 hlaut hún ljóðaverðlaunin Maistjörnuna fyrir bókina *Pagnarbindindi*. Auk hennar hefur Halla Þórlaug skrifað sviðsverk, útvarpsleikrit og eina barnabók.

Dagskrá hentar best **8. – 10. bekk**.

Skáld í skólum – um land allt!

Höfundamiðstöð RSÍ greiðir ferðir, gistingu og upphald höfunda. Skólar greiða einungis fyrir flutning á dagskrá. Til þess að ferðir nýtist sem best þurfa skólar á svæðinu að hafa samráð um pantanir.

Lágmarksfjöldi per ferð er 4 bókanir.

Verð og tímalengd

Tímalengd: **ein kennslustund/ 40 mínútur**.

Tækjakostur: **Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu**.

Verð: **40.000 kr**.

Hámarksfjöldi áhorfenda er **100 nemendur á yngsta stigi en 150 nemendur á mið- og unglingastigi**.

Tímabil og pantanir

Tímabil: **16. október – 16. nóvember 2024**.

Að auki er hægt að panta dagskrár á öðrum tímum að höfðu samkomulagi við höfundana.

Frestur til að panta dagskrár er til **10. október 2024**.

Athugið að mikilvægt er að panta sem fyrst þar sem dagskrár geta verið fullbókaðar á tímabilinu.

Allar pantanir berist á salka@rsi.is

Upplýsingar í síma **568 3190** og á [heimasíðu RSÍ](https://www.rsi.is).



Bókmenntadagskrár **Höfundamiðstöðvar RSÍ, Skáld í skólum**, hafa verið fastur liður í hauststarfi grunnskólanna síðan 2006. Dagskrárnar eru metnaðarfullar og fræðandi, höfundar koma í heimsókn til að tala um

bækur og lestur, sköpun og skrif, ævintýri sögupersóna jafnt sem skapara þeirra og síðast en ekki síst til að smita nemendur af lestrar- og sköpunargleði.

Í ár munu sex höfundar frá **Höfundamiðstöð RSÍ** heim-sækja grunnskólana og fara í ævintýraleiðangur með nemendum og kennurum um veröld bókmenntanna. Þeir munu fjalla um allt sem hægt er að skrifa um; fólk og furður, leyndarmál, óvæntar hliðar tungumálsins, heiminn og geiminn!

Dagskrárnar hafa fyrir löngu sannað sig sem ómissandi þáttur í kynningu nútímabókmennta í grunnskólum landsins, en um 80 ólíkar dagskrár hafa orðið til undir formerkjum þessa vinsæla verkefnis.